

Reglur nr. 500-2011

Reglur um doktorsnám við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, nr. 500/2011

með síðari breytingum

I. KAFLI Almennar reglur Félagsvísindasviðs.

1. gr. Doktorsnám á Félagsvísindasviði.

Á Félagsvísindasviði er unnt að stunda nám til doktorsprófs á fræðasviðum þar sem deildir meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi, enda sé viðkomandi deild heimilt að bjóða upp á slíkt nám samkvæmt ákvæðum X. kafla reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. [Markmið doktorsnáms er að veita nemendum viðtæka og trausta rannsóknarþjálfun og gera þá færa um að stunda sjálfstæð vísindastörf.]¹

Reglur um doktorsnám á Félagsvísindasviði eru settar í samræmi við 47., 68. og 69. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands og viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands, sbr. 66. gr. reglna [fyrir]¹ Háskóla Íslands nr. 569/2009. Standa ber skil á upplýsingum og gögnum sem Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands kallar eftir.

¹Breytt með 1. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

2. gr. Vísindanefnd Félagsvísindasviðs og fastanefndir deilda.

Vísindanefnd Félagsvísindasviðs fer með málefni doktorsnáms á fræðasviðinu. Hlutverk nefndarinnar er [...] almenn stefnumótun í málefnum rannsóknarnáms á Félagsvísindasviði og samstarf, upplýsingamiðlun og samræming reglna og önnur málefni sem deildir kunna að fela nefndinni. Formaður vísindanefndar er tengiliður fræðasviðsins við Miðstöð framhaldsnáms.

[Forseti Félagsvísindasviðs skipar vísindanefnd samkvæmt tilnefningu deilda og ákveður hver gegnir formannstörfum.]¹ Í vísindanefnd eiga sæti fulltrúar allra deilda á Félagsvísindasviði og fulltrúi frá hagsmunasamtökum doktorsnema við Háskóla Íslands. Umboð nefndarinnar er til [tveggja ára]¹ í senn. Áður en umboð nefndarinnar rennur út skal [formaður nefndarinnar]¹ gera deildum viðvart í tíma og óska eftir tilnefningu nýrra fulltrúa.

[Deildarfundir deilda Félagsvísindasviðs skulu kjósa sérstaka 3-5 manna fastanefnd (doktorsnámsnefnd, rannsóknarnámsnefnd eða vísindanefnd) úr hópi fastráðinna kennara við deild, sem fer með málefni doktorsnáms og hefur umsjón með þeim, þ.m.t. mat á umsóknum og eftirlit, sbr. m.a. 10. gr. Nefndin skal skipuð til tveggja ára í senn. Deildarfundir er heimilt að kjósa einnig tvo nefndarmenn til vara (1. og 2. varamann). Deildarforseti getur setið fundi nefndarinnar. Deildarfundur velur formann og varaformann nefndarinnar. Formaður fastanefndar er fulltrúi deildar í vísindanefnd Félagsvísindasviðs.]¹

¹Breytt með 2. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

3. gr. Umsóknarfrestur.

[Umsóknarfrestur um doktorsnám er tvisvar á ári, að jafnaði 15. apríl og 15. október en einu sinni á ári, að jafnaði 1. febrúar, fyrir erlenda umsækjendur. Heimilt er að taka við umsókn um doktorsnám á öðrum tímum ef sérstaklega stendur á.]¹

¹Breytt með 3. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

4. gr. Meðferð umsókna.

[Umsókn skal skilað til nemendaskrár Háskóla Íslands á sérstöku rafrænu eyðublaði sem aðgengilegt er á vef skólans. Fylgiskjöl skal senda til viðkomandi deildar. Fjallað er um umsóknir svo fljótt sem auðið er og þær afgreiddar að jafnaði eigi síðar en innan tveggja mánaða frá lokum umsóknarfrests. Um meðferð umsókna er fjallað í verklagsreglum Félagsvísindasviðs.]¹

[...]¹

¹Breytt með 4. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

5. gr. Almenn inntökuskilyrði.

[Sá sem hefur lokið meistaraþrófi (kandídatþrófi) eða sambærilegu prófi við viðurkenndan háskóla getur sótt um að hefja doktorsnám við deild á Félagsvísindasviði.]¹ Einnig getur sá sem hefur stundað doktorsnám við annan háskóla sótt um að hefja doktorsnám við Félagsvísindasvið. Deildir setja reglur um mat á fyrra námi.

Að jafnaði skal umsækjandi hafa lokið meistaraþrófi (kandídatþrófi) eða sambærilegu prófi með fyrstu einkunn.

Sá sem hyggst hefja doktorsnám strax að loknu meistaraþrófi getur sótt um áður en hann lýkur prófi enda liggja fyrir staðfesting um að hann muni væntanlega ljúka náminu með fullnægjandi árangri áður en doktorsnám hefst. Doktorsnám getur þó enginn hafið fyrir en meistaranámi er lokið.

Einstökum deildum Félagsvísindasviðs er heimilt að setja skilyrði til viðbótar inntökuskilyrðum 1. og 2. mgr. sbr. ákvæði 2. - 7. kafla reglna þessara.

[...]¹

¹Breytt með 5. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

6. gr. Einingafjöldi og tímalengd náms.

[Doktorsnám á Félagsvísindasviði er að lágmarki 180 eininga (ECTS) doktorsritgerð og eftir atvikum doktorsnámskeið.]¹ Deild ákveður hvort ákveðin námskeið séu hluti námsins, sbr. 2. -7. kafla reglna þessara. Námskeiðunum skal almennt lokið á fyrstu tveimur árum doktorsnámsins, eða áður en 2/3 hlutum doktorsritgerðar er lokið.

Doktorsnám við Félagsvísindasvið er a.m.k. þriggja ára fullt nám. Stundi doktorsnemi námið að hluta getur námið tekið allt að fimm árum. Beiðni um undanþágu frá tímamörkum náms skal lögð fyrir fastanefnd deildar, [sbr. nánar 10. gr.]¹ Setja má það skilyrði að nemandi uppfylli þær kröfur sem þá eru í gildi um doktorsnám þótt hann hafi hafið námið meðan aðrar reglur giltu.

¹Breytt með 6. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

7. gr. Tengsl meistara- og doktorsnáms.

Óheimilt er að nota meistararitgerð sem uppistöðu í doktorsritgerð. Þó er heimilt að halda áfram rannsóknum sem eru á sama eða skyldu rannsóknarsviði. Námskeið í grunnnámi ([BA- eða BS-námi]¹ eða samsvarandi námi) geta aldrei verið hluti af bóknámi doktorsnema.

¹Breytt með 7. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

8. gr. Leiðbeinandi.

[Doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa leiðbeinanda. Leiðbeinandi gegnir hlutverki og skyldum umsjónarkennara samkvæmt reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Leiðbeinandi doktorsnema skal að

jafnaði vera fastráðinn akademískur starfsmaður (prófessor, dósent eða lektor) viðkomandi deildar Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.]¹

[Leiðsögn með doktorsnemum eiga þeir einir að hafa sem lokið hafa doktorsprófi eða jafngildi þess. Leiðbeinendur skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Leiðbeinendur skulu vera þátttakendur í íslensku og/eða alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi. Miðstöð framhaldsnáms sannreynir hvort leiðbeinendur uppfylla sett viðmið og kröfur, sbr. 66. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Verkefni doktorsnema skal vera á sérsviði leiðbeinanda.]¹

Þegar við á getur doktorsnemi haft tvo leiðbeinendur, aðalleiðbeinanda og meðleiðbeinanda. Aðalleiðbeinandi skal ávallt vera fastráðinn kennari við Háskóla Íslands en heimilt er að meðleiðbeinandi starfi utan háskólans.

Hlutverk leiðbeinanda er að veita doktorsnema leiðsögn við vinnslu doktorsverkefnis og fylgjast með vinnu hans. Doktorsnemi ráðfærir sig við leiðbeinanda um gerð rannsóknaráætlunar, skipulag námsins, val námskeiða, ef við á, og annað sem tengist náminu.

Hætti leiðbeinandi (eftir atvikum meðleiðbeinandi) störfum mun deild leitast við að útvega nýjan leiðbeinanda eftir því sem kostur er. Deildir eru þó ekki skuldbundnar til að útvega nýjan leiðbeinanda.

Deildir setja nánari reglur um samstarf og hlutverk leiðbeinanda, doktorsnema og doktorsnefndar.

¹Breytt með 8. gr. rgl. nr. 547/2015.

9. gr. Doktorsnefnd: skipan og hlutverk.

Þegar doktorsnemi hefur lagt fram rannsóknaráætlun í samræmi við 10. gr. er skipuð doktorsnefnd samkvæmt reglum deildar, sbr. 2. - 7. kafla reglna þessara.

[Doktorsnefnd skal skipuð leiðbeinanda og tveimur til fjórum sérfræðingum á fræðasviði ritgerðar. Leiðbeinandi er formaður doktorsnefndar. A.m.k. einn annarra nefndarmanna skal vera utan háskólans (æskilegt er að hann sé frá erlendum háskóla eða rannsóknastofnun). Nefndarmenn skulu búa yfir sérfræðipækkingu á sviði doktorssefnis og hafa doktorspróf eða jafngildi þess.]¹

Hlutverk doktorsnefndar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við rannsóknar- og námsáætlun og tryggja fagleg gæði. Doktorsnefnd kveður doktorssefni á sinn fund eftir því sem þurfa þykir á meðan á náminu stendur og prófar doktorsnemann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknaraðferðum eða metur nám hans.

Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefnd rökstuddu [áliti til fastanefndar deildar]¹ um hvort veita skuli doktorsnema heimild til þess að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar. Deild ákveður hvort ritgerð er tæk til varnar.

¹Breytt með 9. gr. rgl. nr. 547/2015.

10. gr. Tilhögun náms og námsframvinda.

Doktorsnemi gerir, í samráði við leiðbeinanda, nákvæma rannsóknaráætlun, áætlun um námshraða og dvöl erlendis, ef við á. [Rannsóknaráætlun skal liggja fyrir eins fljótt og unnt er en í síðasta lagi í lok fyrsta námsárs.]¹ Áætlanir skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi doktorsnefnd til samþykktar. Náminu verður því aðeins fram haldið að nefndin samþykki áætlunina.

[Doktorsnemi skal virða samþykta rannsóknaráætlun og tímamörk í námi. Hafi doktorsnemi ekki skilað rannsóknaráætlun, sem leiðbeinandi metur fullnægjandi, innan árs eða lokið námi sínu fimm árum eftir að hann hóf það er áframhaldandi nám hans háð samþykki fastanefndar viðkomandi deildar. Í slíkum tilvikum skal nemandi beina rökstuddri umsókn um að fá að halda áfram námi til fastanefndar.]¹

[Fyrir 15. júní ár hvert skal doktorsnemi skila skýrslu um námsframvindu á sérstöku eyðublaði. Þar skal gera grein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið á háskólaárinu og stöðu doktorsverkefnis. Verði einhverjar breytingar á námshraða eða áætlun doktorsnema skal gera grein fyrir þeim í þessari skýrslu. Leiðbeinandi vottar nám doktorsnema eftir hvert misseri á þar til gert eyðublað. Öll eyðublöð og samþykktir varðandi doktorsnema

skulu varðveittar á deildarskrifstofu sem hluti af námsferilsskrá nemandans. Þær eru jafnframt sendar til fastanefndar viðkomandi deildar sem tekur afstöðu til námsframvindu nemandans og er heimilt að grípa til úrræða samkvæmt reglum deildar ef hún metur námsframvindu ófullnægjandi. Samþykkt rannsóknaráætlun skal send viðkomandi deild með yfirlýsingu frá leiðbeinanda sem formanni doktorsnefndar um samþykki, þar sem hún verður hluti af námsferilsskrá doktorsnemans. Skipti doktorsnemi um rannsóknarefni skal ný áætlun lögð fyrir fastanefnd deildar. Breytingar á rannsóknaráætlun eru háðar samþykki doktorsnefndar og staðfestingu Miðstöðvar framhaldsnáms.¹

Ef rannsóknaráætlun doktorsnema þykir óviðunandi að mati doktorsnefndar getur nefndin gefið honum frest, að hámarki sex mánuði, til að gera úrbætur. Athugasemdir doktorsnefndar skulu vera skriflegar og þeim skulu fylgja leiðbeiningar um það sem betur má fara. Ef doktorsnemi verður ekki við athugasemdum nefndarinnar innan frests er litið svo á að forsendur áframhaldandi náms séu brostnar og námi hafi verið hætt. Ef doktorsnemi telur að athugasemdir doktorsnefndar eigi ekki við rök að styðjast getur hann óskað eftir því að fastanefnd deildar fjalli um málið og gefi umsögn áður en deild tekur ákvörðun um framvindu námsins. Fastanefnd kveður til sérfræðing ef þurfa þykir. Deild skal leita álits doktorsnema áður en hún tekur ákvörðun.

[Komi upp ágreiningur eða vafamál í doktorsnefnd eða milli nefndar og doktorsnema skal vísa málinu til fastanefndar deildar til umsagnar.]¹ Deild skal leita álits hlutaðeigandi áður en hún tekur ákvörðun. Að öðru leyti gilda ákvæði 50. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

¹Breytt með 10. gr. rgl. nr. 547/2015.

11. gr. Mat á námskeiðum og öðru vinnuframlagi doktorsnema.

Deildir geta sett sér viðmið við mat á námskeiðum í doktorsnámi.

12. gr. Kröfur til doktorsritgerða.

[Doktorsnemi lýkur rannsókn með ritgerð. Hún skal uppfylla kröfur um vísindaleg vinnubrögð og vera sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu. Doktorsritgerð er ýmist eitt heildstætt verk eða byggist á vísindagreinum sem mynda samstæða heild.

Í doktorsritgerð skal tekið til rannsóknar afmarkað og samstætt viðfangsefni og það kannað rækilega með vísindalegum aðferðum. Niðurstöður verður að setja fram skýrt og aðgengilega. Ef rannsóknin greinist í afmarkaða hluta sem ekki eru að öllu samstæðir skal gera grein fyrir stöðu einstakra hluta rannsóknarinnar innan heildarinnar og tengja meginniðurstöður einstakra hluta saman á einum stað. Til að uppfylla almennar kröfur Félagsvísindasviðs þarf doktorsnemi að hafa fylgt viðurkenndum vísindalegum rannsóknaraðferðum og sýnt ótvíræðan skilning á fræðasviði sínu og yfirgripsmikla þekkingu. Einnig skal í doktorsritgerð felast nýsköpun þekkingar á viðkomandi fræðasviði. Skal rannsóknin og aðrir þættir doktorsnámsins sýna að doktorsneminn geti greint og sett fram á skýran hátt flókin viðfangsefni sem krefjast ítarlegrar rannsóknar. Skal hann geta tekið fullan þátt í rökræðu innan sviðsins á fræðilegum vettvangi sem sjálfstæður fræðimaður, miðlað þekkingu sinni bæði í ræðu og riti, og stuðlað að aukinni menntun og þekkingu innan samfélagsins.

Doktorsritgerð skal að öðru jöfnu ekki vera lengri en 100 þúsund orð. Doktorsritgerð skal að jafnaði vera á íslensku eða ensku, sbr. nánar 14. gr.

Þegar doktorsritgerð byggist á vísindagreinum sem mynda samstæða heild skal semja sérstaka yfirlitsgrein þar sem dregið er saman efni hinna einstöku greina, settar fram heildarályktanir og efni þeirra tengt fræðilega. Avallt skal vera skýrt hver þáttur doktorsnema er í viðkomandi verkefni og fastanefnd ber ábyrgð á að sannreyna með doktorsnefnd að hlutverk doktorsnema sé fullnægjandi í samræmi við ofangreind ákvæði. Deildir setja sérstakar reglur um fjölda greina, kröfur um birtingar og hve margar greinar skuli vera ritýndar, sbr. 2. - 7. kafla reglna þessara.¹

¹Breytt með 11. gr. rgl. nr. 547/2015.

13. gr. Andmælendur.

Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Þeir skulu valdir af deild að fengnum tillögum fastanefndar deildar og að fenginni umsögn Miðstöðvar framhaldsnáms. Einungis þeir sem hafa lokið doktorsprófi eða jafngildi þess geta verið andmælendur við doktorsvörn á Félagsvísindasviði. [Báðir andmælendur skulu vera utan sviðs og er æskilegt, ef fært er vegna tungumáls, að þeir komi frá erlendum háskóla eða vísindastofnun.]¹

¹Breytt með 12. gr. rgl. nr. 547/2015.

14. gr. Skil og frágangur doktorsritgerða.

Þegar doktorsnemi hefur lokið ritgerð sinni skal doktorsnefnd senda deild bréf þess efnis að ritgerð sé tilbúin til varnar.

Telji deild ritgerð tæka til varnar sendir hún andmælendum ritgerðina í vel frágengnu lokahandriti a.m.k. þrem mánuðum áður en fyrirhuguð vörn fer fram. Innan sex vikna skulu þeir hafa sent deildarforseta rökstudda umsögn um hvort ritgerðin sé tæk til varnar og ef við á ábendingar um það sem betur má fara og hvort nauðsynlegt er að gera tilteknar breytingar áður en vörn getur farið fram.

Forsendur þess að doktorsvörn fari fram er að doktorsefnið hafi gert nauðsynlegar lagfæringar og breytingar að dómi andmælenda og leiðbeinanda áður en vörn fer fram. Uni doktorsefni ekki niðurstöðu andmælenda og leiðbeinanda getur hann skotið máli sínu til deildar, sbr. nánar 50. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

Við skil og frágang á doktorsritgerð skal fylgt verklagsreglum Félagsvísindasviðs þar að lútandi. Í ritgerðinni skal koma skýrt fram að ritgerðin var unnin við Háskóla Íslands ásamt nafni deildar og fræðasviðs. [Geta skal þeirra sjóða háskólans og annarra aðila sem hafa styrkt verkefnið.]¹ Hverri doktorsritgerð skal fylgja útdráttur á íslensku og ensku. Doktorsefni ber ábyrgð á prentun og útgáfu ritgerðar og skal hún liggja fyrir 3 vikum fyrir vörn. Doktorsefni skal skila a.m.k. 15 eintökum til deildar.

¹Breytt með 13. gr. rgl. nr. 547/2015.

15. gr. Námsferilsyfirlit.

Þegar doktorsritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram námsferilsyfirlit doktorsnema sem deild og nemendaskrá ganga frá og staðfesta.

16. gr. Skyldur nemanda.

[Um réttindi og skyldur nemenda gilda ákvæði reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands, vísindasiðaregla Háskóla Íslands og siðaregla Háskóla Íslands.]¹

¹Breytt með 14. gr. rgl. nr. 547/2015.

17. gr. Doktorsvörn.

Doktorsefni skal verja ritgerð sína í heyranda hljóði á þeim degi sem viðkomandi deild ákveður. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskóla Íslands um doktorspróf. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorspróf, sbr. ákvæði 61. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Félagsvísindasvið setur nánari [verklagsreglur]¹ um framkvæmd doktorsvarna.

¹Breytt með 15. gr. rgl.nr. 547/2015.

18. gr. Lærdómstitill.

Doktorspróf við Félagsvísindasvið, að undangengnu doktorsnámi samkvæmt reglum þessum, veitir lærdómstitilinn Philosophiae Doctor (Ph.D.).

19. gr. Sameiginlegar doktorsgráður.

Deildum er heimilt að gera samning við aðra háskóla um sameiginlegar doktorsgráður, sbr. 62. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Við upphaf samstarfs skal gerður formlegur samningur um tilhögun náms viðkomandi nemanda. Ákvæði þessara reglna skulu gilda eins og við getur átt.

II. KAFLI Félags- og mannvísindadeild.

20. gr. Vísindanefnd.

Vísindanefnd Félags- og mannvísindadeildar gegnir hlutverki fastanefndar sbr. 2. gr. Í vísindanefnd eiga sæti einn fulltrúi frá hverri námsbraut deildar og skal formaður hennar vera fulltrúi deildar í vísindanefnd Félagsvísindasviðs. [...]¹

¹Breytt með 16. gr. rgl. nr. 547/2015.

21. gr. Viðbótarinntökuskilyrði.

Til viðbótar inntökuskilyrðum skv. 5. gr. getur námsbraut gert kröfu um að doktorsnemandi taki allt að 60 ECTS í námskeiðum í samráði við leiðbeinanda sé talin þörf á að bæta við undirstöðuþekkingu hans í aðferðafræði rannsókna eða á fræðasviði doktorsnámsins. Þessum einingum [skal að jafnaði lokið]¹ áður en rannsóknaráætlun fæst samþykkt.

¹Breytt með 17. gr. rgl. nr. 547/2015.

22. gr. Einingafjöldi og tímalengd náms.

Doktorsnám við Félags- og mannvísindadeild er 180 ECTS doktorsritgerð og 30 ECTS í námskeiðum á fræðasviði doktorsverkefnis. Doktorsnemendur skulu taka þátt í málstofum doktorsnámsins í samráði við leiðbeinanda.

Doktorsnemendur sem hafa lokið bæði grunn- og framhaldsnámi við íslenska háskóla [skulu taka]¹ a.m.k. eitt misseri af doktorsnámi sínu við erlendan háskóla.

¹Breytt með 18. gr. rgl. nr. 547/2015.

23. gr. Skipan leiðbeinanda.

Leiðbeinandi skal vera fastráðinn kennari ([prófessor, dósent eða lektor]¹) við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

[Mögulegt er að sækja um undanþágu frá reglu um að aðalleiðbeinandi sé fastráðinn akademískur starfsmaður (prófessor, dósent eða lektor) við Félags- og mannvísindadeild. Skal þá sótt um það til deildar. Skal þá meðleiðbeinandi vera fastur akademískur starfsmaður deildar og gegna hlutverki og skyldum umsjónarkennara.]¹

¹Breytt með 19. gr. rgl. nr. 547/2015.

24. gr. Skipan doktorsnefndar.

Doktorsnefnd skal skipuð að tillögu leiðbeinanda og samþykkt af vísindanefnd Félags- og mannvísindadeildar. Að jafnaði skal einn fulltrúi í doktorsnefnd vera frá erlendum háskóla eða erlendri [rannsóknarstofnun.]¹

¹Breytt með 20. gr. rgl. nr. 547/2015.

25. gr. Doktorsritgerð.

[Doktorsnemi lýkur rannsókn með ritgerð. Doktorsritgerð skal vera á ensku nema sérstök rök mæli gegn því. Hún skal uppfylla kröfur um vísindaleg vinnubrögð og vera sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu. Doktorsritgerð er ýmist eitt sjálfstætt verk eða byggist á vísindagreinum sem mynda sjálfstæða heild.

Við Félags- og mannvísindadeild er heimilt að leggja fram doktorsritgerð sem byggir á vísindagreinum sem mynda samstæða heild. Sé sú leið valin skal semja yfirlit þar sem fjallað er um kenningar viðfangsefnis rannsóknarinnar og aðferðafræðilega nálgun ásamt því að dregnar eru saman heildarniðurstöður rannsóknarinnar. Samsett doktorsritgerð skal að lágmarki vera þrjár til fimm vísindagreinar. Doktorsnemi skal vera fyrsti höfundur tveggja greina hið minnsta. Fyrir aðrar greinar gildir að framlag doktorsnemans sé veigamikild. Tvær greinar skulu hafa verið samþykktar til birtingar með eða án fyrirvara um breytingar í ritrýndum viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum viðkomandi fræðasviðs. Doktorsnemi skal vera fyrsti höfundur hið minnsta að annarri samþykktu greininni. Tvær greinar skulu hafa verið sendar til ritrýningar.]¹

¹Breytt með 21. gr. rgl. nr. 547/2015.

III. KAFLI Félagsráðgjafardeild.

26. gr. Vísindanefnd.

Vísindanefnd Félagsráðgjafardeildar gegnir hlutverki fastanefndar sbr. 2. gr. Í vísindanefnd deildar eiga sæti þrjú fulltrúar frá deild og skal formaður hennar vera fulltrúi deildar í vísindanefnd Félagsvísindasviðs. Nefndin er kosin af deildarfundum. Doktorsnemendur við deildina skulu eiga einn fulltrúa í nefndinni. [...]¹

¹Breytt með 22. gr. rgl. nr. 547/2015.

27. gr. Viðbótarinntökuskilyrði.

Til viðbótar inntökuskilyrðum skv. 5.gr. getur Félagsráðgjafardeild gert kröfu um að doktorsnemandi taki allt að 60 ECTS í námskeiðum í samráði við leiðbeinanda sé talin þörf á að bæta við undirstöðuþekkingu hans í aðferðafræði rannsókna eða á fræðasviði doktorsnámsins. Þessum einingum skal lokið áður en rannsóknaráætlun fæst samþykkt.

28. gr. Einingafjöldi

Doktorsnám við Félagsráðgjafardeild er samsett úr 180 ECTS doktorsritgerð og 30 ECTS í námskeiðum í aðferðafræði og á fræðasviði doktorsverkefnis. Doktorsnemendur sem hafa lokið bæði grunn- og framhaldsnámi við íslenska háskóla skulu taka að minnsta kosti eitt misseri af doktorsnámi sínu við erlendan háskóla.

29. gr. Málstofur í doktorsnámi.

[Á meðan á doktorsnámi stendur skal nemandi gera grein fyrir eða kynna verkefni sitt á þremur málstofum sem hver um sig er forsenda fyrir næsta áfanga. Að málstofunum standa vísindanefnd deildar, leiðbeinandi og fastir kennarar deildar.

Fyrsta málstofa er haldin á fyrsta misseri doktorsnáms. Þar kynnir nemandi og ver rannsóknaráætlun sína. Vísindanefnd skipar tvo andmælendur. Að kynningu lokinni þurfa vísindanefnd deildar og leiðbeinandi að samþykka rannsóknaráætlun áður en hún er send Miðstöð framhaldsnáms. Að því búnu skipar vísindanefnd doktorsnefnd.

Önnur málstofa skal haldin þegar leiðbeinandi og doktorsnemi telja að verkið sé hálfnað. Vísindanefnd skipar andmælenda, sem ekki er í doktorsnefnd en er kennari við annan háskóla eða aðra deild. Að lokinni málstofu skilar andmælandi skriflegri greinargerð um efnið, efnistöð og gagnasöfnun.

Þriðja málstofa skal haldin þegar doktorsnefnd telur að doktorsritgerð sé á lokastigi. Vísindanefnd skipar andmælenda sem er ekki í doktorsnefnd og utan deildar. Hann skilar munnlegri og skriflegri greinargerð um hvað megi betur fara í lokahandriti til doktorsnema og doktorsnefndar. Að því búnu tekur doktorsnefnd ákvörðun um hvort ritgerð er tæk til varnar.

Doktorsnemar skulu taka virkan þátt í almennum málstofum doktorsnámsins í samráði við leiðbeinanda. Doktorsnemi skal þannig kynna eigin verk og taka virkan þátt í umfjöllun um verkefni annarra doktorsnema og leggja af mörkum (taka almennt þátt) í fræðilegri umræðu á sínu fræðasviði.]¹

¹Breytt með 23. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

30. gr. Leiðbeinandi og doktorsnefnd.

Doktorsnefnd skal skipuð af deild að tillögu leiðbeinanda og samþykkt af vísindanefnd Félagsráðgjafardeildar.

Doktorsnefnd skal skipuð leiðbeinanda og tveimur til fjórum sérfræðingum á fræðasviðinu. Að minnsta kosti einn þeirra skal vera utan deildar. Leiðbeinandi, sem jafnframt er umsjónarkennari, er formaður doktorsnefndar.

[Mögulegt er að sækja um undanþágu frá reglu um að aðalleiðbeinandi sé fastráðinn akademískur starfsmaður (prófessor, dósent eða lektor) við Félagsráðgjafardeild. Skal þá sótt um það til deildar. Skal þá meðleiðbeinandi vera fastur akademískur starfsmaður deildar og gegna hlutverki og skyldum umsjónarkennara.]¹

¹Breytt með 24. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

31. gr. Doktorsritgerð.

[Doktorsritgerð skal vera á ensku nema sérstök rök mæli gegn því. Ef doktorsnemandi óskar eftir að skrifa ritgerð á öðru tungumáli þarf hann að sækja um undanþágu til vísindanefndar deildar með rökstuðningi.

Ef doktorsritgerð er samsett skal hún vera þrjár til fimm vísindagreinar. Doktorsnemi skal vera aðalhöfundur (þ.e. að jafnaði fyrsti höfundur) tveggja greina hið minnsta. Tvær greinar skulu hafa verið samþykktar til birtingar og hinar skulu hafa verið sendar til birtingar í ritrýndum viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum. Doktorsnemi skal vera fyrsti höfundur hið minnsta að annarri samþykktu greininni.]¹

¹Breytt með 25. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

IV. KAFLI Hagfræðideild.

32. gr. Doktorsnámsnefnd.

[Í Hagfræðideild starfar doktorsnámsnefnd, sem gegnir hlutverki fastanefndar, sbr. 2. gr.]¹

¹Breytt með 26. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

33. gr. Inntökuskilyrði.

Meistarapróf í hagfræði með góðum árangri er að jafnaði skilyrði fyrir inntöku í doktorsnám við Hagfræðideild. Ef um þverfaglegt doktorsnám er að ræða er heimilt að samþykkja umsókn umsækjanda með meistarapróf af öðru fræðasviði. Í slíkum tilvikum skal inntaka nemandar byggjast á sérstökum rökstuðningi fyrir því að skráning í Hagfræðideild sé hinu þverfaglega doktorsnámi til framdráttar.

34. gr. Uppbygging doktorsnáms.

Doktorsnám felst að jafnaði í sérhæfingu í námskeiðum og sjálfstæðri rannsókn sem lýkur með doktorsritgerð. Doktorsnámsnefnd getur, að höfðu samráði við leiðbeinanda, gert kröfu um að nemandi ljúki tilteknum námskeiðum. Verði ágreiningur á milli leiðbeinanda og doktorsnámsnefndar, ræður álit doktorsnámsnefndar. Hluti námskeiðanna geta verið lesnámskeið og skal þá doktorsnámsnefnd tilnefna umsjónarmann eða menn með hverju námskeiði. Umsjónarmenn ákveða kröfur í viðkomandi námskeiðum og skera úr um hvort nemandi hafi staðist þær. Æskilegt er að doktorsnemi stundi hluta náms síns við viðurkennda erlenda mennta- eða rannsóknarstofnun.

35. gr. Doktorsnefnd.

Doktorsnámsnefnd skipar doktorsnemanda doktorsnefnd eftir að hann hefur lagt fram rannsóknaráætlun. Doktorsnefnd skal skipuð að tillögu umsjónarkennara (aðalleiðbeinanda) og samþykkt af doktorsnámsnefnd Hagfræðideildar. Í doktorsnefnd skal vera a.m.k. einn prófessor.

[Mögulegt er að sækja um undanþágu frá reglu um að aðalleiðbeinandi sé fastráðinn akademískur starfsmaður (prófessor, dósent eða lektor) við Hagfræðideild. Skal þá sótt um það til deildar. Skal þá meðleiðbeinandi vera fastur akademískur starfsmaður deildar og gegna hlutverki og skyldum umsjónarkennara.]¹

¹Breytt með 27. gr. rgl. nr. 547/2015.

36. gr. Námsmat og eftirlit með námsframvindu.

Eftir eins árs nám skal doktorsefni leggja fram rannsóknaráætlun sem hann ver í viðurvist doktorsnefndar og akademískra starfsmanna Hagfræðideildar. Áætlunin skal gera ítarlega grein fyrir faglegri vinnu verksins; stöðu þekkingarinnar, heimildum og gögnum sem unnið er með, rannsóknaraðferð og kenningum og væntanlegum niðurstöðum. Lögð er áhersla á að doktorsefnið fái leiðbeiningu og gagnrýni á verk sitt á þessu stigi námsins sem geti nýst vel við rannsóknarvinnuna.

Nemar í doktorsnámi skulu halda hið minnsta eina málstofu á ári í deildinni eftir að rannsóknaráætlun hefur verið varin. Æskilegt er að [doktorsnema]¹ reyni að koma vinnu sinni á framfæri erlendis og taki þátt í fræðilegum fundum og ráðstefnum sem tengjast efni hans eða hennar.

Leiðbeinandi, doktorsnefnd og doktorsnámsnefnd geta, saman eða hver í sínu lagi, kannað almenna fræðilega þekkingu [doktorsnema]¹ á viðkomandi sviði.

¹Breytt með 28. gr. rgl. nr. 547/2015.

37. gr. Kröfur til doktorsritgerða.

Efni lokaritgerða skal vera hæft til útgáfu í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum í hagfræði.

V. KAFLI Lagadeild.

38. gr. [Skipan og hlutverk rannsóknarnámsnefndar.

[Deildarfundur í Lagadeild kýs þriggja manna rannsóknarnámsnefnd sem gegnir hlutverki fastanefndar, sbr. 2. gr. Hlutverk rannsóknarnámsnefndar er að hafa umsjón með rannsóknartengdu námi í Lagadeild, í samráði við deildarforseta, eins og nánar greinir í þessum reglum, reglum um meistaranám í Lagadeild og öðrum reglum um einstakar námsleiðir sem veita meistaraþráðu frá Lagadeild.]¹

¹Breytt með 29. gr. rgl. nr. 547/2015.

[...]¹

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. 547/2015.

[39. gr.]¹ Viðbótarinntökuskilyrði.

Sá sem hefur lokið meistaraþrófi (kandídatþrófi) eða sambærilegu prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands eða öðrum háskóla getur sótt um að hefja doktorsnám við Lagadeild. Að jafnaði skal umsækjandi hafa hlotið fyrstu einkunn á meistaraþrófi. Að fenginni umsögn [rannsóknarnámsnefndar]² er heimilt að víkja frá ofangreindu skilyrði. Ef vafi leikur á að undirbúningur samsvari þeim undirbúningi sem framangreind próf eiga að tryggja er væntanlegum leiðbeinanda heimilt, í samráði við [rannsóknarnámsnefnd]², að láta umsækjanda gangast undir hæfnispróf.

Óski umsækjandi eftir því að skrifa doktorsritgerð á öðru tungumáli en íslensku getur [rannsóknarnámsnefnd]² gert það að skilyrði að umsækjandi sanni færni sína í viðkomandi tungumáli með því að láta hann gangast undir próf eða leggja fram sérstakt vottorð þar að lútandi.

Sá sem hefur stundað doktorsnám í lögfræði við annan viðurkenndan háskóla getur sótt um að hefja doktorsnám við Lagadeild enda liggja fyrir mat [rannsóknarnámsnefndar]² á fyrra námi.

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. 547/2015.

²Breytt með 31. gr. rgl. nr. 547/2015.

[40. gr.]¹ Einingafjöldi og tímalengd náms.

Doktorsnám við Lagadeild er 180 einingar (ECTS). Samhliða samningu ritgerðar, eftir atvikum greinasafns, skal doktorsnemi stunda nám eins og gert er ráð fyrir í náms- og [rannsóknaráætlun].² Námskeið, verkefni og annað framlag doktorsnema skal að lágmarki jafngilda 30 (ECTS) af 180 einingum. Námskeið sem doktorsnema er skylt að sækja skulu m.a. vera fólgin í fræðslu um undirstöðuþekkingu um aðferðafræði lögfræði, réttarheimildir, lögskýringar og réttarheimspeki. Ef, að mati leiðbeinanda og doktorsnefndar, er talin þörf á að bæta enn frekar við undirstöðuþekkingu doktorsnema er heimilt að gera kröfu um að hann leggi stund á bóknám sem svari til allt að 60 eininga, auk framangreindra 180 eininga.

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. 547/2015.

²Breytt með 32. gr. rgl. nr. 547/2015.

[41. gr.]¹ Mat á námskeiðum og öðru vinnuframlagi doktorsnema.

Við mat á námskeiðum og öðru vinnuframlagi doktorsnema skal fylgja eftirfarandi viðmiðum:

1. Að jafnaði skal hver heill dagur á námskeiði sem ætlað er doktorsnemum eða heill dagur á sambærilegu námskeiði, metinn sem 2 einingar (ECTS). Þetta á þó ekki við ef undirbúningsvinna er takmörkuð og skal þá dagurinn metinn til 1 einingar.
2. Eigin rannsóknarverkefni skuli metin til 4 eininga. Þátttaka í rannsóknaverkefnum annarra skal metin til 2 eininga. Með eigin rannsóknarverkefnum er fyrst og fremst átt við birtar ritrýndar greinar.
3. A.m.k. 12 einingar skulu vera vegna þátttöku í námskeiðum í aðferðafræði og réttarheimspeki (grunnnámskeið) og námskeið og ráðstefnur á fræðasviði doktorsnema.
4. Námskeið í uppeldis- og kennslufræðum má að hámarki meta til 4 eininga.

5. Námskeið á meistarastigi eru að jafnaði ekki metin til eininga nema í þeim tilvikum að leiðbeinandi hafi gert doktorsnema skylt að sækja slík námskeið og skal námskeið að hámarki metið til 3 eininga.
6. Að jafnaði skal styðjast við það mat sem háskólar í Evrópu leggja til grundvallar fyrir námskeið, málstofur o.þ.h. og doktorsnemar Lagadeildar taka þátt í. Í þeim tilvikum sem námskeið eru tekin við háskóla sem ekki styðjast við ECTS kerfið skal meta námskeið og málstofur sérstaklega.
7. Heimilt er að meta aðra vinnu doktorsnema til eininga, t.d. fundarstjórn og skipulagningu ráðstefna og málstofa, rannsóknadags í félagsvísindum (Rannsóknir í félagsvísindum), fyrirlestra á ráðstefnum og málstofum, stjórnarsetu í hagsmunafélögum doktorsnema og aðra sambærilega vinnu. Doktorsnemi ber ábyrgð á að halda saman öllum gögnum sem máli skipta, s.s. bréfum, lýsingum á námskeiðum, dagskrám ráðstefna og málstofa, viðurkenningum, staðfestingum og öðru sem máli getur skipt vegna matsins.

Doktorsnemi leitar bréflaga eftir því að [rannsóknarnámsnefnd]² meti vinnu til eininga. Beiðni skal fylgja stutt greinargerð og rökstuðningur ef 7. liður 1. mgr. á við. Senda skal nefndinni beiðni um mat fyrir 15. mars og 15. október.

Að fenginni tillögu [rannsóknarnámsnefndar]² um afgreiðslu tekur deildarfundur ákvörðun um hvort doktorsnemi hafi lagt fram fullnægjandi gögn og skýringar og skal deildarfundur tilkynna ákvörðunina bréflaga.

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. 547/2015.

²Breytt með 31. gr. rgl. nr. 547/2015.

[42. gr.]¹ [Afgreiðsla umsóknar og leiðbeinandi.

Deildarfundur tekur afstöðu til umsóknar um doktorsnám, að fenginni skriflegri umsögn rannsóknarnámsnefndar. Ef fallist er á umsókn skal deildarfundur skipa leiðbeinanda samhliða þeirri afgreiðslu, að fenginni tillögu rannsóknarnámsnefndar.

Deildarfundur getur heimilað, að tillögu rannsóknarnámsnefndar, að doktorsnemi hafi tvo leiðbeinendur, aðalleiðbeinanda og meðleiðbeinanda. Aðalleiðbeinandi er þá jafnframt umsjónarkennari doktorsnemans. Skipun aðalleiðbeinanda og meðleiðbeinanda ef við á er háð samþykki rannsóknarnámsnefndar og skal kynnt á deildarfundi.

Mögulegt er að sækja um undanþágu frá reglu um að aðalleiðbeinandi sé fastráðinn akademískur starfsmaður (prófessor, dósent eða lektor) við Lagadeild. Skal þá sótt um það til deildar. Skal þá meðleiðbeinandi vera fastur akademískur starfsmaður deildar og gegna hlutverki og skyldum umsjónarkennara.]²

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. 547/2015.

²Breytt með 33. gr. rgl. nr. 547/2015.

[43. gr.]¹ Doktorsnefnd, skipan og hlutverk.

Þegar doktorsnemi hefur lagt fram rannsóknaráætlun í samræmi við 10. gr. skipar Lagadeild doktorsnefnd að fenginni tillögu frá [rannsóknarnámsnefnd].² Nefndin skal skipuð leiðbeinanda (umsjónarkennara), meðleiðbeinanda ef við á og tveimur sérfræðingum á fræðasviði ritgerðar doktorsnema. Eftir að doktorsnefnd hefur verið skipuð sendir [skrifstofa Lagadeildar].³ fyrir hönd deildarforseta, hverjum nefndarmanni skipunarbréf ásamt upplýsingum um hlutverk nefndarinnar, viðeigandi reglur og gæðaviðmið.

Doktorsnefnd kveður doktorsnema á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur og prófar hann í almennri fræðilegri þekkingu og [rannsóknaraðferðum]³ eða metur nám hans á sambærilegan hátt. Prófun doktorsnefndar skal fara fram um miðbik námsins.

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. 547/2015.

²Breytt með 31. gr. rgl. nr. 547/2015.

³Breytt með 34. gr. rgl. nr. 547/2015.

[44. gr.]¹ Tilhögun náms, námsframvinda og námskröfur.

Doktorsnemi sem hefur lokið meistaranámi í lögfræði við íslenskan háskóla skal taka hluta af doktorsnámi sínu við erlendan háskóla. Rannsóknaráætlun samkvæmt 43. gr. skal liggja fyrir eins fljótt og unnt er og í síðasta lagi

í lok fyrsta námsárs.

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

[45. gr.]¹ Kröfur til doktorsritgerða.

Doktorsritgerð í Lagadeild getur verið viðamikil ritgerð, eða safn ritrýndra og birtra fræðigreina ([A3.1, A3.2, A3.3, A4.1, A4.2, A4.3 eða A5.1 í matskerfi opinberra háskóla]²) sem mynda eina fræðilega heild. Lengd ritgerða skal taka mið af efni og uppbyggingu hverju sinni. Ef birtar fræðigreinar eru lagðar fram sem doktorsritgerð í Lagadeild skulu þær að jafnaði vera fimm talsins. Þar að auki skal í upphafi vera sérstök yfirlitsgrein þar sem gerð er grein fyrir meginatriðum greinanna, heildarályktunum og niðurstöðum. Doktorsritgerð má vera á erlendu tungumáli ef [rannsóknarnámsnefnd]³ samþykkir. Ef doktorsritgerð er skrifuð á íslensku skal útdráttur og samantekt vera á ensku eða öðru tungumáli.

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

²Breytt með 35. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

³Breytt með 31. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

VI. KAFLI Stjórn málafræðideild.

[46. gr.]¹ Vísindanefnd.

[Vísindanefnd Stjórn málafræðideildar gegnir hlutverki fastanefndar, sbr. 2. gr.]²

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

²Breytt með 36. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

[47. gr.]¹ Viðbótarinntökuskilyrði.

Til viðbótar inntökuskilyrðum skv. 5. gr. getur Stjórn málafræðideild gert kröfu um að doktorsnemandi taki allt að 60 ECTS í námskeiðum í samráði við leiðbeinanda sé talin þörf á að bæta við undirstöðupekkingu hans í aðferðafræði rannsókna eða á fræðasviði doktorsnámsins. Þessum einingum skal að jafnaði lokið áður en rannsóknaráætlun fæst samþykkt.

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

[48. gr.]¹ Einingafjöldi og tímalengd náms.

Doktorsnám við Stjórn málafræðideild samanstendur af 180 ECTS doktorsritgerð og 30 ECTS í námskeiðum á fræðasviðum doktorsverkefnis.

Í lok fyrsta námsárs, eða í samræmi við samþykta verkáætlun við inntöku, gerir doktorsnemi, í samráði við leiðbeinanda, nákvæma rannsóknaráætlun, áætlun um námshraða og dvöl erlendis, ef við á. Áætlunin skal lögð fyrir hlutaðeigandi doktorsnefnd. Náminu verður því aðeins fram haldið að doktorsnefndin samþykki áætlunina. Samþykkt áætlun skal send skrifstofu Stjórn málafræðideildar þar sem hún verður hluti af námsferilsskrá doktorsnemans.

[Doktorsnemar sem hafa lokið bæði grunn- og meistaranámi við íslenska háskóla skulu dvelja sem samsvarar a.m.k. einu misseri við erlendan háskóla eða rannsóknarstofnun sem hluta af doktorsnámi og skal stofnun valin í samráði við leiðbeinanda og/eða doktorsnefnd.]²

Doktorsnemendur skulu taka virkan þátt í málstofum doktorsnámsins og m.a. kynna verkefni sín a.m.k. einu sinni á ári, taka þátt í umfjöllun um verkefni annarra og taka almennt þátt í faglegri umræðu á sínu fræðasviði.

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. 547/2015.

²Breytt með 37. gr. rgl. nr. 547/2015.

[49. gr.]¹ Leiðbeinandi.

[Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi hafa leiðbeinanda og skal hann að jafnaði vera fastur kennari (prófessor, dósent eða lektor) við Stjórn málafræðideild. Skipan leiðbeinanda er háð samþykki deildar. Leiðbeinandi gerir vísindanefnd deildar grein fyrir námsframvindu doktorsnema einu sinni á ári.

Stjórn málafræðideild getur samþykkt leiðbeinanda utan deildar í sérstökum rökstuddum undantekningartilvikum. Leiðbeinandinn verður að vera sérfræðingur á viðeigandi fagsviði deildarinnar. Skal þá meðleiðbeinandi vera fastur akademískur starfsmaður deildar og gegna hlutverki og skyldum umsjónarkennara.]²

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. 547/2015.

²Breytt með 38. gr. rgl. nr. 547/2015.

[50. gr.]¹ Doktorsnefndir.

Doktorsnefnd skal skipuð að tillögu leiðbeinanda og samþykkt af vísindanefnd deildar og deildarfundi, eða eftir atvikum deildarráði.

[...]²

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. 547/2015.

²Breytt með 39. gr. rgl. nr. 547/2015.

[51. gr.]¹ Doktorsritgerð.

Doktorsritgerð skal vera á ensku nema sérstök rök mæli gegn því.

Við Stjórn málafræðideild er heimilt að leggja fram doktorsritgerð sem byggir á vísindagreinum sem mynda samstæða heild. Sé sú leið valin skal semja yfirlit þar sem fjallað er um kenningar viðfangsefnis rannsóknarinnar og aðferðafræðilega nálgun ásamt því að dregnar eru saman heildarniðurstöður rannsóknarinnar. Samsett doktorsritgerð skal [vera þrjár til fimm]² vísindagreinar. Þá er doktorsnemandi fyrsti höfundur tveggja greina hið minnsta og annar höfundur hinna tveggja. Tvær greinar skulu hafa verið samþykktar til birtingar með eða án fyrirvara um breytingar í ritrýndum viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum viðkomandi fræðasviðs. Doktorsnemi skal vera fyrsti höfundur hið minnsta að annarri samþykktu greininni. Tvær greinar skulu hafa verið sendar til ritrýningar.

Sé doktorsnemi ekki einn höfundur [að grein eða greinum]² þarf að vera skýrt hvert framlag hans er og meðhöfundar sendi doktorsnefnd staðfestingu þess efnis.

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. 547/2015.

²Breytt með 40. gr. rgl. nr. 547/2015.

VII. KAFLI Viðskiptafræðideild.

[52. gr.]¹ Doktorsnámsnefnd.

[Doktorsnámsnefnd Viðskiptafræðideildar gegnir hlutverki fastanefndar, sbr. 2. gr.]²

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. 547/2015.

²Breytt með 41. gr. rgl. nr. 547/2015.

[53. gr.]¹ Einingafjöldi.

Doktorsnám við Viðskiptafræðideild er 180 einingar. Doktorsnámskeið eru ákveðin af leiðbeinanda í samráði við nemanda. Leiðbeinandi getur jafnframt farið fram á að doktorsnemi taki námskeið á meistarastigi sem lið í undirbúningi sínum.

¹Breytt með 30. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

[...]¹

¹Breytt með 42. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

[54. gr.]¹ Skipan doktorsnefndar.

Doktorsnefnd skal skipuð að tillögu [leiðbeinanda]² og samþykkt af doktorsnámsnefnd Viðskiptafræðideildar. Skal hún skipuð eigi síðar en 18 mánuðum áður en doktorsnemi hyggst ljúka námi.

¹Breytt með 30. og 42. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

²Breytt með 43. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

VIII. KAFLI Gildistaka ofl.

[55. gr.]¹ Heimild og gildistaka.

Reglur þessar eru settar í samræmi við 47. og 68.-69. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands og með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar hafa verið samþykktar af deildum Félagsvísindasviðs og stjórn fræðasviðsins og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglur þessar öðlast gildi 1. júlí 2011 og falla þá jafnframt úr gildi reglur nr. 134/2005 um doktorsnám og rannsóknanámsnefnd við lagadeild Háskóla Íslands með áorðnum breytingum, reglur nr. 797/2006 um doktorsnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og reglur nr. 595/2006 um rannsóknarnám í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

¹Breytt með 30. og 42. gr. rgl. nr. [547/2015](#).

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Á fyrsta deildarfundum eftir að reglur þessar hafa tekið gildi skal deildarfundur kjósa nýja fastanefnd í samræmi við 3. mgr. 2. gr. og frá sama tíma fellur umboð núverandi nefndar niður.

II. Doktorsnemar sem stunduðu doktorsnám einu ári fyrir gildistöku þessara reglna en hafa ekki skilað nákvæmri rannsóknaráætlun samkvæmt 1. mgr. 10. gr. skulu skila viðkomandi doktorsnefnd nákvæmri rannsóknaráætlun í síðasta lagi sex mánuðum eftir gildistöku reglnanna.

Háskóla Íslands, 3. maí 2011.

Síða uppfærð / breytt 11. ágúst 2015. Númer síðu: 18055